

Skólanámskrá

2025-2026



II. hluti

Nám og kennsla

8. bekkur



ALLIR MEÐ



MÉR LÍÐUR VEL



OPNUM HUGANN



SKÖPUNARGLEÐI



VIÐ OG JÖRDIN

Umsjónarkennarar:

Ingimundur Guðjónsson

Valdís Inga Steinarsdóttir

Efnisyfirlit

Bakgrunnsupplýsingar	3
Fagkennarar.....	3
Viðmiðunarstundaskrá	3
Skimanir	4
Virðing, öryggi og jafnrétti – fræðsla og forvarnir.....	4
Námsmat	5
Matsferill	6
ÍSLENSKA	7
STÆRÐFRÆÐI	10
ENSKA.....	13
DANSKA	15
NÁTTÚRUGREINAR	17
SAMFÉLAGSGREINAR	20
UPPLÝSINGA- OG TÆKNIMENNT	23
ÍPRÓTTIR.....	25
SKÓLASUND.....	27
LISTGREINAR - SJÓNLISTIR.....	29
VERKGREINAR - HEIMILISFRÆÐI.....	31
VERKGREINAR – HÖNNUN OG SMÍÐI.....	33
VERKGREINAR - TEXTÍLMENNT.....	35

Bakgrunnsupplýsingar

Umsjónarkennarar 8. bekkjar eru Ingimundur Guðjónsson og Valdís Inga Steinarsdóttir. Stuðningsfulltrúi er Matthildur Ósk Emilsdóttir. Nemendur eru 36 talsins og fá alls 37 kennslustundir á viku.

Fagkennarar

- Íslenska – Eðvarð Þór Eðvarðsson og Ingibjörg Jóhannsdóttir
- Stærðfræði – Ingimundur Guðjónsson og Guðjón Árni Antoníusson
- Enska – Valdís I. Steinarsdóttir
- Danska – Róbert Imsland
- Náttúrufræði – Kjartan Már Gunnarsson
- Samfélagsfræði – Sigrún Birta Sigurðardóttir
- Íþróttir – Einar G. Einarsson og Bjarki Már Árnason
- Sund – S. Bergþór Magnússon
- List- og verkgreinar – Erla Dröfn Vilbergsdóttir, Íris Dögg Steinsdóttir, Jana María Guðmundsdóttir og Thelma Björk Jóhannesdóttir
- Upplýsinga- og tæknimennt – Marteinn Einarsson

Viðmiðunarstundaskrá

- Íslenska – 6 kennslustundir
- Stærðfræði – 6 kennslustundir
- Enska – 4 kennslustundir
- Danska – 3 kennslustundir
- Náttúrufræði – 3 kennslustundir
- Samfélagsfræði – 3 kennslustundir
- Íþróttir og sund – 3 kennslustundir
- List- og verkgreinar/upplýsinga og tæknimennt – 4 kennslustundir
- Umsjón – 1 kennslustund
- Val – 4 kennslustundir

Skimanir

- Orðarún er lögð fyrir í nóvember og apríl.
- Lesfimi er lögð fyrir í september, janúar og maí.
- Talnalína er lögð fyrir í byrjun vorannar

Miðstöð menntunar og skólaþróunar gefur út viðmið í lesfimi og hér má sjá viðmið sem sett eru fyrir lok 8. bekkjar:

Viðmið	Orðafjöldi við lok 4. bekkjar	Mat:
Viðmið 3	210 orð eða meira á mínútu	Framúrskarandi
Viðmið 2	180 – 209 orð á mínútu	Hæfni náð
Viðmið 1	130 – 179 orð á mínútu	Á góðri leið
Undir viðmiði	0 – 129 orð á mínútu	Þarfnast þjálfunar

- Viðmið Menntamálastofnunar um orðafjölda í lok 8. bekkjar eru:

Viðmið 1 – 90% nemenda	Viðmið 2 – 50% nemenda	Viðmið 3 – 25% nemenda
130 orð á mínútu	180 orð á mínútu	210 orð á mínútu

Virðing, öryggi og jafnrétti – fræðsla og forvarnir

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast.

Áherslur 8. bekkjar eru fjölskyldur – ábyrgð, vinátta, ást og rómantísk sambönd, umburðarlyndi og virðing, fordómar, kynferði og gildi og kynferði.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla í öllum greinum. Til þess að meta hvert hæfniviðmið er notast við bókstafina hér til hliðar.

A = Framúrskarandi ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu sem er meiri en ætlast er til af árganginum t.d. leyst öll erfiðustu dæmin á prófi eða unnið verkefni framúrskarandi vel.

B+ = Mjög góð hæfni ef nemandi sýnir örugg og góð tök á hæfniviðmiði árgangsins t.d. mjög vel unnið verkefni eða erfiðari atriði leyst á prófi.

B = Hæfni náð ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði árgangsins t.d. náð öllum grunnatriðum rétt á prófi eða unnið verkefni vel út frá þeirri verkefnalýsingu eða matsramma sem liggur til grundvallar.

C+ = Á góðri leið ef nemandi þarf bara aðeins meiri vinnu með hæfniviðmiðið til þess að ná því t.d. ef eitthvað vantaði upp á að verkefni væri vel unnið eða ekki öllum grunnsurningum svarað rétt á prófi.

C = Þarfnast þjálfunar ef nemandi þarfnast töluvert meiri þjálfunar til að ná hæfniviðmiði t.d. hálfklárað eða óvandað verkefni, eða að nemandi náði fáum grunnatriðum rétt á prófi og þarfnast endurtekningu á námsefninu áður en farið er á næsta stig tengt því.

D = Hæfni ekki náð ef nemandi vann með ákveðið hæfniviðmið en náði ekki tökum á því. Nemendur sem ná ekki hæfniviðmiðum endurtekið þarfnast oft einhverra úrræða og endurtekningu á námsefninu áður en þeir fara á næsta stig tengt því.

L = Lokið ef nemendur fengu þjálfun í hæfniviðmiði en ekki var gefin einstaklingseinkunn t.d. þegar nemendur fá kynningu eða það eru bekkjarumræður um ákveðið efni en engin athugun er gerð á því hvort nemendur hafi tileinkað sér hæfnina og því engin einkunn gefin.

Ó = Ólokið ef nemandi tók ekki þátt í eða náði ekki að ljúka við verkefni eða próf t.d. vegna fjarvista. Ef nemandi missir af prófi eða skilar ekki inn verkefni er yfirleitt hægt að semja við kennara um lengri skilafrest eða sjúkrapróf innan ákveðinna tímamarka (oftast tvær vikur). Ef námsmatsverkefni er enn ólokið telst nemandi ekki hafa náð hæfninni sem um ræðir.

A	Framúrskarandi
B+	Mjög góð hæfni
B	Góð hæfni
C+	Á góðri leið
C	Þarfnast þjálfunar
D	Hæfni ekki náð
L	Lokið
Ó	Ólokið

Frekari upplýsingar um námsmat í Holtaskóla má finna í bæklingi á heimasíðu skólans. Slóðin er:

<https://www.holtaskoli.is/static/files/Namsmat/kynningarbaeklingur-fyrir-foreldra-og-nemendur.pdf>.

Matsferill

Til þess að fylgjast með þroska og námsframvindu barna þarf fjölbreytt matstæki. Matsferill inniheldur þessi matstæki og aflar upplýsinga um stöðu og framfarir nemenda á mörgum sviðum, eins og til dæmis málþroska, lesfimi, stærðfræði og lesskilningi. Niðurstöður Matsferils auðvelda starfsfólki skóla að mæta hverju barni þar sem það er statt hverju sinni, með kennslu og námsgögnum við hæfi. Matstækið er hugsað sem viðbót við hefðbundið námsmat og gerir kennurum kleift að fylgjast betur með framvindu nemenda, greina styrkleika og veikleika og bregðast fyrr við ef þörf er á stuðningi. Matsferill styður þannig við gagnreynda kennslu og ákvarðanir um kennsluhætti og úrræði sem nýtast nemendum best. Í Holtaskóla er Matsferill lagður fyrir nemendur í 4.-10. bekk á vorönn.



ÍSLENSKA

Menntagildi: Á unglingastigi eflir íslenskukennsla færni nemenda til að skilja flókna texta, rökstyðja skoðanir sínar og setja fram eigin hugsanir á skýran og áhrifaríkan hátt. Þeir vinna með fjölbreytta texta - bókmenntir, fjölmiðla og eigin ritverk - og þróa með sér dýpri skilning á máli, menningu og sjálfum sér. Nemendur þjálfá meðvitaða notkun tungumálsins og læra að nýta íslensku til tjáningar, samskipta, skapandi skrifa og sjálfstæðrar hugsunar í lýðræðislegu samfélagi.

Kennarar: Eðvarð Þór Eðvarðsson og Ingibjörg Jóhannsdóttir

Þáttur:	Hæfniviðmið í íslensku:
Talað mál, hlustun og áhorf	Framsögn: Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi áherslum, talhraða og tjáningu. Tjáning: Tjáð hugmyndir sínar, skoðanir, þekkingu og reynslu á vönduðu máli, tekið virkan þátt í umræðum og rökrætt við aðra. Hlustun og áhorf: Hlustað og/eða horft á fjölbreytt efni, greint aðalatriði og miðlað innihaldi þess með gagnrýnu hugarfari.
Lestur og lesskilningur	Lesfimi: Lesið fjölbreytta texta upphátt af öryggi, í góðu flæði og með viðeigandi áherslum og tjáningu. Lestraraðferðir: Valið og beitt fjölbreyttum lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni. Orðaforði: Notar samhengi, orðaforða sinn og fyrri þekkingu til að ráða í merkingu ókunnra orða, skilja og umorða texta. Lesskilningur: Lesið fjölbreytta texta sér til skilnings, greint aðalatriði, dregið ályktanir og svarað spurningum tengt innihaldi og merkingu þeirra. Lestrarmenning - yndislestur: Valið fjölbreytt lesefni og lesið sér til gagns og ánægju. Lestrarmenning - umfjöllun: Fjallað um yndislestrarbækur, unnið samantektir, greint og túlkað.
Bókmenntir	Lestur og túlkun bókmennta: Lesið og túlkað fjölbreyttar bókmenntir og unnið með efnið á fjölbreyttan hátt. Bókmenntagreining: Beitt helstu hugtökum í bókmenntafræði til að greina texta. Bókmenntaarfurinn: Lesið og skilið texta frá fyrri tímum, tengt við sögulegt samhengi og borið saman við eigin samtíð. Ljóð: Notað bragfræði- og bókmenntahugtök til að greina form og innihald ljóða. Einkenni ljóða: Samið eigin ljóð eða lagatexta með hliðsjón af reglum bragfræðinnar.
Ritun	Skrift: Miðlað texta í gegnum sjálfvirka og læsilega skrift. Frágangur: Gengið frá texta samkvæmt fyrirmælum. Uppbygging texta: Skrifað texta þar sem efnisatriðum er skipað í röklegt samhengi, góður þráður er á milli efnisgreina og kaflaskipting er skýr. Textategundir og málnotkun: Getur skrifað fjölbreyttar gerðir af texta með viðeigandi skipulagi og málsniði svo sem frétt, þjóðsögu, bréf, leikrit eða dagbókarfærslu.

	Tjáning í texta: Skrifað vandaðan texta, metið eigin skrif og gert lagfæringar. Stafsetning og greinarmerkjasetning: Beitt helstu stafsetningar- og greinarmerkisreglum og notað hjálpargögn við ritun.
Mál og málnotkun	Einkenni málsins: Rætt um þróun og einkenni íslenskunnar og tengsl við önnur tungumál. Fjölbreytt málnotkun: Beitt ríkulegum orðaforða og viðeigandi hugtökum í ræðu og riti. Sköpunarkraftur: Beitt hæfni sinni í skapandi skrifum og samið eigin persónur, sögusvið og atburðarás. Fallorð: Áttað sig á beygingarlegum einkennum fallorða og hlutverki þeirra í texta. Sagnorð: Áttað sig á beygingarlegum einkennum sagnorða og hlutverki þeirra í texta. Orðflokkagreining: Greint orð í rétta orðflokka. Orðtök og málshættir: Notað og túlkað algeng orðtök og málshætti í máli og riti. Gögn og hjálpartæki: Notað orðabækur og aðrar bjargir til að afla upplýsinga um tungumálið.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Sjálfstæð vinnubrögð: Sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum. Ábyrgð á eigin námi: Sýnt vönduð vinnubrögð, skipulagt og haldið utan um eigið nám og námsgögn. Virðing: Sýnt sjálfsaga, ábyrgð og virðingu í daglegum samskiptum, hegðun og umgengni. Samvinna: Tekið virkan, jákvæðan og ábyrgan þátt í samstarfi, skipt verkum og sinnt sínu hlutverki. Skapandi miðlun: Mótað og miðlað hugmyndum sínum og verkefnum á frumlegan og skapandi hátt. Gagnrýnin hugsun: Beitt ólíkum sjónarhornum og gagnrýninni hugsun í fjölbreyttum viðfangsefnum. Upplýsingaöflun og miðlanotkun: Nýtt sér fjölbreytta miðla á ábyrgan hátt til að afla, greina og miðla upplýsingum og hugmyndum og getið heimilda eins og við á hverju sinni.

Kennsluhættir

Í íslenskunámi í 8. bekk er mikil áhersla lögð á að nemendur sýni sjálfstæði og beri ábyrgð á eigin námi. Nemendur nota spjaldtölvur í námi sínu sem eflir nýtingu miðla og auðveldar þjálfun í því að leita upplýsinga og meta gildi þeirra. Kennir verður í námslotum þar sem fengist er við ákveðið viðfangsefni í afmarkaðan tíma og í upphafi hverrar lotu fá nemendur yfirlit yfir markmið hennar, verkefnalýsingu og skipulag. Á Google - Classroom er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við. Mikil áhersla er lögð á yndislestur og vinnslu lestrarskýrslna.

Helstu verkefni skólaársins

- Fallorð verða tekin fyrir í upphafi skólaárs.

- Lestrarskýrslur eru unnar mánaðarlega.
- Heimalestur a.m.k. fjórum sinnum í viku í 15 mínútur.
- Nemendur gera smásögu eftir leiðbeiningum kennara.
- Framsögn þjálfuð
- Brennu-Njáls saga er lesin.
- Farið í bragfræði.
- Sagnorð verða tekin fyrir í lok skólaárs.

Námsgögn

Málið í mark – Fallorð, Málið í mark – Sagnorð, Brennu-Njáls saga 1. hefti, yndislestrarbækur, ýmis ljósrit í tengslum við allt námsefni.

STÆRÐFRÆÐI

Menntagildi: Á unglingastigi verður stærðfræði öflugt tæki til að skilja flóknari viðfangsefni í samfélagi, vísindum og tækni. Þeir læra að greina gögn, mynstur og lögmál, og þjálfast í að setja fram rök, spyrja gagnrýnna spurninga og draga ályktanir. Nemendur þróa dýpri skilning á stærðfræðilegum hugtökum og læra að takast á við áskoranir með þrautseigju, gagnrýnu hugarfari og lausnamiðaðri nálgun. Stærðfræði styrkir sjálfstæða hugsun og veitir verkfæri til að vinna skipulega og rökrétt - þjálfun sem skiptir miklu máli fyrir áframhaldandi nám og þátttöku í síbreytilegu samfélagi.

Kennarar: Guðjón Árni Antoníusson og Ingimundur Guðjónsson

Þáttur:	Hæfniviðmið í stærðfræði:
Vinnulag stærðfræðinnar	Samræður og tjáning: Tjáð sig munnlega, skriflega og myndrænt um stærðfræðileg viðfangsefni, útskýrt og rökstutt lausnir sínar fyrir öðrum. Táknmál og hugtök: Notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg verkefni. Samvinna: Unnið í virkri samvinnu við aðra, sýnt samskiptahæfni og frumkvæði við þróun lausnaleyða. Þrautalausnir: Nýtt fjölbreyttar reikniaðgerðir og stærðfræðilegt samhengi til að leysa þrautir og rökstutt svör sín. Rannsóknarvinna: Unnið skipulega, einn og í samvinnu, að því að rannsaka, setja fram, greina, túlka og meta stærðfræðileg viðfangsefni og líkön. Sannanir: Sett fram, túlkað og metið einföld stærðfræðileg rök og sannanir. Verkfæri og hlutbundin gögn: Valið og nýtt ólík hjálpargögn og verkfæri til stærðfræðilegrar iðkunar þ.m.t. tölvutækni og gervigreind. Reiknihugsun og forritun: Notað forritun til að rannsaka stærðfræðilega eiginleika og samhengi. Kynningar: Undirbúið og flutt kynningar um eigin vinnu með stærðfræði.
Tölur og reikningur	Margföldun og deiling: Leyst margföldunar- og deilingardæmi úr 0x-12x töflunum á skilvirkan hátt. Frumtölur og þáttun: Greint milli frumtalna og samsettra talna, þáttað og frumþáttað tölur. Neikvæðar tölur: Reiknað með neikvæðum tölum. Veldi: Skrifað tölur sem veldi og veldi sem tölur, og reiknað með veldi. Forgangsröð aðgerða: Útskýrt og nýtt forgangsröð aðgerða til að reikna dæmi. Tugabrot: Reiknað með tugabrotum. Talnalína: Breytt milli tugabrota, almennra brota og prósentu og staðsett á talnalínu. Almenn brot: Skrifað tölu sem fullstýtt brot, eiginlegt brot, óeiginlegt brot og blandna tölu. Samlagning og frádráttur brota: Lagt saman og dregið frá með almennum brotum, skilið tilgang þess og nýtt til að leysa rauntengd viðfangsefni.

	Margföldun brota: Margfaldað með almennum brotum, skilið tilgang þess og nýtt til að leysa rauntengd viðfangsefni. Deiling brota: Deilt með almennum brotum, skilið tilgang þess og nýtt til að leysa rauntengd viðfangsefni. Prósentur - Prósent: Fundið prósentu í prósentureikningi. Prósentur - Hluti: Fundið hluta í prósentureikningi. Prósentur - Heild: Fundið heild í prósentureikningi. Prósentur – Hækkun og lækkun: Reiknað prósentuhækkanir og prósentulækkanir. Námundun: Námundað að ákveðnum sætum í tugakerfinu.
Algebra	Talnarunur: Unnið með talnarunur og mynstur á skipulegan hátt og lýst þeim með táknmáli algebrunnar. Einföldun stæða: Einfaldað algebrustæður. Gildi stæða: Reiknað gildi algebrustæða. Jöfnur: Leyst jöfnur með einni óþekktri stærð á skipulegan hátt. Prófun lausnar: Sannreynt lausn jöfnu. Algebru-orðadæmi: Útbúið stæður og jöfnur út frá orðadæmum.
Rúmfræði og mælingar	Rúmfræðileg form: Þekkt, skilgreint, mælt og teiknað rúmfræðileg form. Rúmfræði-teikningar: Teiknað einföld rúmfræðiform, spegilmyndir, snúning og hliðrun með hringfara og reglustiku. Rúmfræðiforrit: Nýtt rúmfræðiforrit til að gera teikningar, rannsaka rúmfræðilega eiginleika og setja fram rök. Samhverfa: Þekkt og lýst ýmsum tegundum samhverfu. Hornafræði-hugtök: Þekkt og útskýrt mismunandi hugtök í hornafræði. Hornafræði-útreikningar: Reiknað hornasummu og hornastærðir í marghyrningum án gráðuboga.
Tölfræði og líkindi	Tölfræðikannanir: Skipulagt og framkvæmt tölfræðikannanir og sett fram niðurstöður í formi taflna og myndrita. Tölfræðihugtök: Notað tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka tölfræðileg gögn. Tölflureiknir: Nýtt tölflureikni til söfnunar og flokkunar gagna, til tölfræðilegrar úrvinnslu og við gerð myndrita.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Sjálfstæð vinnubrögð: Sýnt virkni, þrautseigju, ábyrgð og frumkvæði í einstaklingsvinnu. Ábyrgð á eigin námi: Sýnt vönduð vinnubrögð, skipulagt og haldið utan um eigið nám og námsgögn. Markmiðasetning: Sett sér raunhæf og metnaðarfull markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist. Spyrjandi hugarfarar: Spurt gagnrýninna spurninga og nýtt þær í rannsóknum sínum. Fjölbreyttar lausnaleiðir: Útfært fjölbreyttar lausnaleiðir, lært af mistökum og þróað frumlegar lausnir á vandamálum. Ályktun: Tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og túlkað þær.

Virðing: Sýnt sjálfsaga, ábyrgð og virðingu í daglegum samskiptum, hegðun og umgengni. Leiðsögn: Tekið og veitt öðrum leiðsögn, endurgjöf og gagnrýni á uppbyggilegan hátt.
--

Kennsluhættir

Stærðfræðin er kennd í lotum og lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur vinna eftir lotublöðum þar sem er bæði að finna grunndæmi og þyngri feitletruð dæmi fyrir lengra komna. Nemendur ákveða sjálfir sitt þyngdarstig og ráða þá hvort þeir vinni feitletruðu dæmin en þau eru góður undirbúningur fyrir nemendur sem vilja þjálfa sig upp í B+/ A hæfni í viðfangsefninu. Í Holtaskóla höfum við lagt áherslu á leiðsagnarnám og nemendur eru hvattir til að takast á við verkefnin í tímum með hjálp námsfélaga. Nemendur fylla reglulega út sjálfsmat hvað varðar námshegðun og vinnubrögð. Reglulega eru lögð fyrir verklegar æfingar og samvinnuverkefni þar sem reynir á samvinnu og þrautseigju nemenda.

Helstu verkefni skólaársins

Í 8. bekk eru loturnar: Tölur og talnareikningur, Rúmfræði, Almenn brot, tugabrot og prósentur, Jöfnur og gröf, Algebra, Tölfræði og líkindi.

Námsgögn

Skali 1A og 1B, Almenn stærðfræði I og II, Stodkennarinn.is, Rasmus.is, kennslumyndbönd Gauta Eiríkssonar.

ENSKA

Menntagildi: Á elsta stigi þróa nemendur hæfni sína í að skilja og tjá sig á ensku um fjölbreytt efni í bæði ræðu og riti. Þeir efla orðaforða, málskilning og sjálfstæði í tungumálanotkun. Nemendur öðlast dýpri skilning á ensku sem alþjóðlegu samskiptamáli, hvort sem er í námi, tómstundum eða framtíðarstarfi. Þeir læra að takast á við ensku í fjölmiðlum, menningu, vísindum og samfélagi og öðlast þannig verkfæri til þátttöku í hnattrænu samhengi.

Kennari: Valdís Inga Steinarsdóttir

Þáttur:	Hæfniviðmið í ensku:
Hlustun og áhorf	Frásagnir og kynningar: Skilið aðalatriði úr kynningum og frásögnum um margvísleg málefni, unnið úr þeim eða nýtt sér á annan hátt. Fjöl- og myndmiðlar: Fylgst með fjölbreyttu efni í fjöl- og myndmiðlum, unnið úr því eða nýtt sér á annan hátt. Hlustun: Hlustað eftir upplýsingum, valið þær sem eiga við hverju sinni og unnið úr þeim.
Lestur og lesskilningur	Greining aðalatriða: Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu. Rauntexar: Lesið sér til fróðleiks rauntexa af fjölbreyttum miðlum, brugðist við efni þeirra eða unnið úr þeim á annan hátt. Bókmenntir: Lesið sér til gagns og ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi, unnið með efni þeirra og gert sér grein fyrir gildi bókmennta. Aðrar námsgreinar: Lesið, skilið og unnið með efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum. Orðaforði: Lesið, skilið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum.
Samskipti	Óformlegt samtali: Tekið þátt í óformlegu samtali með því að umorða og nota föst orðasambönd úr daglegu máli. Almenn samskipti: Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, miðlað og tekið á móti upplýsingum. Samræður: Tekið þátt í samræðum um kunnugleg málefni og látið skoðun sína í ljós.
Frásögn	Tjáning: Tjáð sig skipulega um efni sem hann þekkir eða hefur unnið með í námi sínu og brugðist við spurningum. Frásögn og kynning: Flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi og svarað spurningum. Flutningur: Samið, æft og flutt eigið efni, einn eða í félagi við aðra. Framsögn: Beitt málinu með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi.
Ritun	Samfelldur texti: Skrifað lipran, samfelldan texta af ólíkum gerðum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum. Orðaforði: Beitt fjölbreyttum orðaforða í ritun. Málfræði: Nýtt sér helstu málfræðipætti í ritun. Stafsetning: Nýtt sér helstu stafsetningarreglur í ritun. Málnotkun: Sýnt góð tök á meginreglum málnotkunar og málfræði.

	Endursögn: Skrifað skilmerkilega um efni sem hann hefur lesið, séð eða heyrt. Persónuleg reynsla: Skrifað um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu með fjölbreyttum orðaforða. Skapandi ritun: Samið texta og leikið sér með málið þar sem sköpunargáfan og ímyndunaraflíð fá að njóta sín.
Menningarlæsi	Samfélag: Sýnt að hann þekkir til samfélagsgerðar, menningar og einkenna þjóðfélagsins. Fjölbreytileiki: Gert sér grein fyrir fjölbreyttum uppruna íbúa á viðkomandi málsvæði og áhrifum fordóma. Skyldleiki og afbrigði tungumála: Greint á milli helstu afbrigða tungumálsins.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Sjálfstæð vinnubrögð: Sýnt virkni, þrautseigju, ábyrgð og frumkvæði í einstaklingsvinnu. Samstarf: Tekið virkan, jákvæðan og ábyrgan þátt í samstarfi, skipt verkum og sinnt sínu hlutverki. Ábyrgð á eigin námi: Sýnt vönduð vinnubrögð, skipulagt og haldið utan um eigið nám og námsgögn. Skapandi miðlun: Mótað og miðlað hugmyndum sínum og verkefnum á frumlegan og skapandi hátt. Upplýsingaöflun og miðlanotkun: Nýtt ólíka miðla á siðferðilega ábyrgan hátt til að afla, greina og miðla upplýsingum og skoðunum. Framsögn: Kynnt fyrir öðrum verkefni sín og skoðanir á markvissan, áhrifaríkan og viðeigandi hátt.

Kennsluhættir

Kennt er í lotum sem munu birtast á Mentor. Stuðst er við kennslubókina Spotlight en inná milli eru unnin fjölbreytt einstaklings- og hópaverkefni. Námsmatið byggist aðallega á stóru kaflaprófi um mitt skólaárið, yfirlitsprófi í maí, ritunarverkefnum, kynningum og þátttöku í tíma.

Helstu verkefni skólaársins

Stærstu verkefnin í 8.bekk fjalla um Robinson Crusoe, Billy Elliot, Jólamenningarverkefni, Huckleberry Finn og London þemaverkefni.

Námsgögn

Spotlight 8 lesbók, Spotlight 8 vinnubók, Stoðkennarinn, bækurnar Robinson Crusoe og Huckleberry Finn, kvikmyndirnar Billy Elliot og Little Miss Sunshine.

DANSKA

Menntagildi: Á elsta stigi styrkja nemendur færni sína í að skilja og nota dönsku í ræðu og riti. Þeir dýpka skilning á norrænum skyldleika, menningu og samfélagi og öðlast hæfni til að eiga samskipti og fylgjast með því sem er að gerast á Norðurlöndum. Námið stuðlar að fjölmennningarlegri vitund, víðsýni og hæfni til að starfa og læra í norrænu samhengi. Dönskukunnátta greiðir leið að frekara námi, menningu og atvinnu í samstarfi þjóða á Norðurlöndum.

Kennari: Róbert Imsland

Þáttur:	Hæfniviðmið í dönsku:
Hlustun og áhorf	Frásagnir og kynningar: Skilið talað mál og frásagnir um efni tengt námi hans og daglegu lífi, brugðist við þeim og nýtt sér í námi sínu. Fjöl- og myndmiðlar: Fylgt þræði í efni við hæfi á margvíslegum miðlum og nýtt í námi sínu. Hlustun: Hlustað eftir aðalatriðum, greint þau og nýtt sér í námi sínu.
Lestur og lesskilningur	Greining aðalatriða: Fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt sér í verkefnavinnu. Rauntexar: Skilið megininntak rauntexa og unnið úr efni þeirra. Aðrar námsgreinar: Lesið og skilið auðlesið efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum. Orðaforði: Lesið og skilið texta við hæfi sem innihalda algengan orðaforða.
Samskipti	Óformlegt samtal: Tekið þátt í óformlegu samtali um áhugamál sín og daglegt líf. Almenn samskipti: Bjargað sér við algengar aðstæður og notað almennar kurteisis- og samskiptavenjur. Samræður: Notað málið til samskipta í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.
Frásögn	Tjáning: Tjáð sig um reynslu sína og skoðanir og brugðist við einföldum spurningum. Frásögn og kynning: Undirbúið og flutt frásögn eða kynningu og brugðist við einföldum spurningum. Flutningur: Flutt tilbúið eða frumsamið efni, einn eða í félagi við aðra. Framsögn: Beitt málinu með nokkuð eðlilegum framburði og áherslum.
Ritun	Samfelldur texti: Skrifað texta af mismunandi gerðum með inntak og lesanda í huga. Málnotkun: Beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt og skapað samhengi í texta. Endursögn: Skrifað einfalda texta um það sem hann hefur lesið, séð eða heyrt. Persónuleg reynsla: Lýst atburðarás eða reynslu með orðaforða sem unnið hefur verið með. Skapandi ritun: Samið einfalda texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.

Menningarlæsi	Fjölbreytileiki: Sett sig í spor fólks í Danmörku og gert sér grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt með hans eigin aðstæðum. Skýldleiki og afbrigði tungumála: Sýnt að hann áttar sig á skýldleika dönsku við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Sjálfstæð vinnubrögð: Sýnt virkni, þrautseigju, ábyrgð og frumkvæði í einstaklingsvinnu. Samstarf: Tekið virkan, jákvæðan og ábyrgan þátt í samstarfi, skipt verkum og sinnt sínu hlutverki. Ábyrgð á eigin námi: Sýnt vönduð vinnubrögð, skipulagt og haldið utan um eigið nám og námsgögn. Skapandi miðlun: Mótað og miðlað hugmyndum sínum og verkefnum á frumlegan og skapandi hátt. Upplýsingaöflun og miðlanotkun: Nýtt ólíka miðla á siðferðilega ábyrgan hátt til að afla, greina og miðla upplýsingum og skoðunum. Framsögn: Kynnt fyrir öðrum verkefni sín og skoðanir á markvissan, áhrifaríkan og viðeigandi hátt.

Kennsluhættir

Kennt er í lotum sem munu birtast á Mentor. Stuðst er við kennlubækurnar Smart og Tak en inná milli eru unnin fjölbreytt einstaklings- og hópaverkefni. Námsmatið byggist aðallega á stóru kaflaprófi um mitt skólaárið, yfirlitsprófi í maí, ritunarverkefnum, kynningum og þátttöku í tíma.

Helstu verkefni skólaársins

Í dönsku í 8. bekk, nemendur fara ekki í eitt stórt lokapróf heldur byggir heildarnámsmatið á fjölbreyttu námsmati yfir skólaárið, t.a.m. para- og hópverkefni, skrifleg próf, heimaverkefni, gagnapróf, hlustunarpróf, o.fl.

Námsgögn

Smart og Tak lesbók og vinnubók A og B, léttlestrarbækur, ítarefni frá kennara, orðabækur og þættirnir um Ritu.

NÁTTÚRUGREINAR

Menntagildi: Á elsta stigi dýpkar þekking og skilningur nemenda á náttúru og vísindum. Þeir fá að vinna með spurningar um orku, efni, loftslag, erfðir og vistkerfi og læra að vinna með gögn, greina, prófa og ræða niðurstöður. Náttúrufræði efla vísindalegan hugsunarhátt, gagnrýna nálgun og meðvitund um sjálfbærni og vistvænar lausnir. Námið undirbýr nemendur til þátttöku í samfélagi þar sem þekking og tækni gegna mikilvægu hlutverki.

Kennarar:

Þáttur:	Hæfniviðmið í náttúrugreinum:
Vinnulag náttúruvísinda	Hugtök: Beitt hugtökum og heitum í náttúruvísindum við fjölbreyttar aðstæður. Læsi: Lesið þyngri náttúru-vísindatexta sér til gagns og ánægju og endursagt og rætt helstu atriði, lesið út úr myndritum og myndefni um náttúrufræði, umorðað, túlkað og sett í margvíslegt samhengi. Athuganir: Framkvæmt, skráð og safnað upplýsingum út frá athugunum og mælingum úti og inni, samkvæmt fyrirmælum og á eigin vegum. Miðlun: Kynnt niðurstöður rannsókna, tekið þátt í gagnrýnum umræðum og metið gildi þess að vísindalegum upplýsingum sé miðlað á skýran hátt. Vísindaleg vinnubrögð: Sett fram vísindalega tilgátu og beitt margvíslegum vísindalegum vinnubrögðum til að kanna hana í þekkingarleit og úrvinnslu verkefna. Eðli vísindalegrar þekkingar: Skýrt muninn á staðreynd og skoðun, tilgátu og kenningu í tengslum við náttúruvísindi og sagt frá dæmum um vísindalega þekkingarsköpun. Tengsl vísinda, tækni og menningar: Tekið þátt í umræðu um hvernig náttúruvísindi bæði móta og mótast af tækni, menningu og heimsmynd mannsins.
Lífið	Upplifun af náttúrunni: Gert grein fyrir tengslum sínum við aðrar lífverur og eigin athugunum á hegðun þeirra. Flokkun og lífsskilyrði lífvera: Útskýrt einkenni og lífsskilyrði lífvera og flokkun þeirra eftir skyldleika. Örverur: Þekkt gagn og skaðsemi örvera. Frumur: Útskýrt gerð frumna, líffæri þeirra og starfsemi. Þróun: Fjallað um þróun lífvera og tekið dæmi um hvernig lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu. Erfðir: Útskýrt hvernig einkenni erfast á milli kynslóða. Plöntur: Gert grein fyrir fjölbreytileika plantna, starfsemi mismunandi plöntuhópa og mikilvægi þeirra fyrir kolefnisbindingu. Sveppir: Gert grein fyrir fjölbreytileika sveppa, starfsemi mismunandi tegunda og hvernig þeir taka þátt í samskiptum milli plantna. Dýr: Gert grein fyrir fjölbreytileika dýra og mismunandi einkennum.

	Mannslíkaminn: Lýst hlutverki og samspili helstu líffæra og líffærakerfa mannslíkamans. Kynheilbrigði: Rætt kynheilbrigði, kynvitund, ábyrga hegðun í kynlífi, mikilvægi þess að virða mörk, tilfinningar og tilgang getnaðarvarna. Heilsa: Útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð, líkamlegu og andlegu heilbrigði með ábyrgri neyslu, hegðun og samskiptum.
Orkan	Orka: Gert grein fyrir orku í mismunandi formum og tengt við varðveislu orkunnar. Nýting orku: Lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku og lýst áhrifum á umhverfi og náttúru. Varmi: Útskýrt mismunandi varmaflutning og samspil varma og hitastigs. Rafmagn og segulmagn: Útskýrt stöðurafmagn og tengsl rafmagns og segulmagns. Rafrásir: Útskýrt einfaldar rafrásir. Bylgjur: Útskýrt bylgjur rafsegulrófsins og hljóðs og lýst eiginleikum þeirra. Gagn og skaðsemi bylgna: Gert grein fyrir gagnsemi og hættum við bylgjur. Kraftar og hreyfing: Útskýrt helstu kraftalögmál sem verka í daglegu lífi manna. Massi: Mælt og reiknað eðlismassa efna og útskýrt muninn á massa og þyngd.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Sjálfstæð vinnubrögð: Sýnt virkni, þrautseigju, ábyrgð og frumkvæði í einstaklingsvinnu. Ábyrgð á eigin námi: Sýnt vönduð vinnubrögð, skipulagt og haldið utan um eigið nám og námsgögn. Tjáning: Tjáð sig skýrt og skipulega um fjölbreytt málefni þannig að áhugi viðmælanda sé vakinn. Samstarf: Tekið virkan, jákvæðan og ábyrgan þátt í samstarfi, skipt verkum og sinnt sínu hlutverki. Fjölbreyttar lausnaleiðir: Útfært fjölbreyttar lausnaleiðir, lærir af mistökum og þróar frumlegar lausnir á vandamálum. Framsögn: Kynnt fyrir öðrum verkefni sín og skoðanir á markvissan, áhrifaríkan og viðeigandi hátt. Spyrjandi hugarfar: Spurt gagnrýninna spurninga og nýtt þær í rannsóknum sínum. Upplýsingaöflun og miðlanotkun: Nýtt ólíka miðla á siðferðilega ábyrgan hátt til að afla, greina og miðla upplýsingum og skoðunum. Ritað mál: Tjáð sig skriflega á fjölbreyttu formi, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi, beitt orðaforða og málsmiði við hæfi og vandað frágang. Heimildavinna: Valið traustar heimildir, sett upplýsingar fram á siðferðilega ábyrgan hátt og getið heimilda eins og við á hverju sinni.

Kennsluhættir

Verkefnavinnan á sér stað í lotum. Notast er við Google Classroom til að halda utan um verkefnalýsingar og verkefnaskil nemenda. Í náttúrufræði er mikið lagt upp úr hugtakavinnu og læra að lesa vísindatexta sér til gagns. Nemendur tileinka sér vísindaleg vinnubrögð og læra að setja fram tilgátur, gera tilraunir og vinna skýrslur um niðurstöður sínar. Nemendur vinna oft í hópum en verða líka að geta unnið sjálfstætt og skilað af sér vönduðum greinargerðum, skýrslum og sjálfsprófum.

Helstu verkefni skólaársins

Loturnar í 8. bekk eru: Bakteríur og rotverur - Rannsóknir, Plöntur – Ritun, Dýr - hópkyrning, Hegðun dýra og Veðurfræði.

Námsgögn

Lífheimurinn, Eðlisfræði 1, Efnisheimurinn, ýmis gögn, vefsíður o.fl.

SAMFÉLAGSGREINAR

Menntagildi: Á elsta stigi kynnst nemendur helstu hugtökum og sjónarhornum sem hjálpa þeim að skilja samfélagið, bæði í fortíð og nútíð. Þeir læra að lesa í heimildir, greina upplýsingar og rýna í völd og áhrif í samfélögum. Þeir fá tækifæri til að velta fyrir sér réttlæti, sjálfbærni, mannréttindum og lýðræði og tengja það eigin lífi og framtíð. Samfélagsfræði styrkir gagnrýna hugsun og veitir verkfæri til að taka þátt í umræðum og móta samfélagið á ábyrgan hátt.

Kennari: Sigrún Birta Sigurðardóttir

Þáttur:	Hæfniviðmið í samfélagsgreinum:
Vinnulag samfélagsgreina	Hugtök: Útskýrt, rökrætt og beitt mikilvægum hugtökum samfélagsgreina. Upplýsingalæsi: Aflað sér upplýsinga um samfélagsleg og alþjóðleg málefni úr heimildum á fjölbreyttu formi, umorðað, túlkað og hagnýtt. Skoðanamyndun: Vegið og metið upplýsingar og skoðanir úr heimildum á margvíslegu formi, myndað sér eigin skoðanir og tekið upplýsta afstöðu til málefna. Gagnrýnar umræður: Spurt fjölbreyttra spurninga og tekið þátt í gagnrýninni umræðu um samfélagsleg og siðferðileg málefni frá mismunandi sjónarhornum. Setja sig í spor annarra: Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum, og unnið verkefni út frá þeim forsendum. Miðlun: Miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum og hnattrænum málefnum á fjölbreyttan og skapandi hátt. Lýðræðislegt samstarf: Tekið virkan, jákvæðan og ábyrgan þátt í lýðræðislegu samstarfi með ólíkum einstaklingum.
Sjálfsmynd	Félagsmótun: Útskýrt hvernig sjálfsmynd mótask af menningu, félagslegu umhverfi, aðstæðum og alþjóðlegum áhrifum. Þarfir: Gert sér grein fyrir þörfum sínum og fjallað um ábyrgð sína á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði. Tilfinningar: Þekkt margbreytileika eigin tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta. Hugarfar: Röktutt mikilvægi eigin jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfar vaxtar og seiglu fyrir persónulega farsæld og þroska. Sjálfsþekking: Gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrkleikum og áskorunum og myndað sér raunhæfa framtíðaráætlun á grunni þeirrar sjálfsþekkingar. Mörk í samskiptum: Útskýrt mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, að setja mörk í samskiptum og að virða mörk annarra. Staðalmyndir: Fjallað með gagnrýnum hætti um og greint staðalmyndir og fordóma, uppruna þeirra og afleiðingar. Kynjafræði: Beitt hugtökum tengdum kynjafræði og útskýrt hvaða hlutverki þau gegna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd. Fjármál einstaklings: Gert grein fyrir hvernig þarfir, langanir og hegðun móta fjárhagslega stöðu einstaklinga og tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu.

Siðferði og trú	Virðing fyrir fjölbreytileika: Borið saman ólíkan bakgrunn og fjölbreytni fólks, fjallað um og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði. Trú og lífsviðhorf: Fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins. Trúarbrögð: Þekkt til og túlkað frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims. Áhrif trúarbragða: Útskýrt gildi trúarbragða og lífsviðhorfa, borið saman og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa, samfélaga og sögu.
Borgaravitund	Reglur: Útskýrt hlutverk reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur. Lýðræði: Útskýrt uppruna, einkenni og framkvæmd lýðræðis og skoðað hlutverk borgara á gagnrýninn hátt í hnattrænu samhengi. Geta til aðgerða: Ígrundað eigin getu til aðgerða og beitt sér á ábyrgan hátt fyrir málefnum sem stuðla að betra samfélagi.
Saga	Fjölskyldan: Útskýrt og borið saman hlutverk, fjölbreytileika og þróun fjölskyldunnar og samfélaga á mismunandi tímum og menningarsvæðum. Söguleg þróun: Greint áhrif ýmissa þróunarferla sem hafa mótað mannkynssöguna t.d. landbúnaðarbyltinga, iðnvæðingar, hugmyndafræði eða trúarbragða.
Jörðin okkar	Kortalæsi: Greint og unnið með upplýsingar á kortum, gröfum og öðru myndefni. Heimskortið: Merkt heimsálfurnar og valin lönd, höf og kennileiti inn á heimskort. Samfélög: Greint og borið saman ólíka menningarheima og samfélög, trúarbrögð, hefðir og siði, aðstæður og líf fólks. Auðlindir: Varpað ljósi á hvers vegna sjálfbær nýting auðlinda er mikilvæg fyrir samfélög og í hnattrænu samhengi. Áhrif mannsins: Útskýrt áhrif og afleiðingar mannlegra athafna og tækni á loftslag, náttúru og lífsskilyrði alls lífs á jörðinni.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Sjálfstæð vinnubrögð: Sýnt virkni, þrautseigju, ábyrgð og frumkvæði í einstaklingsvinnu. Læsi: Lesið fjölbreytta texta sér til gagns, greint aðalatriði og aukaatriði, umorðað og túlkað. Ritað mál: Tjáð sig skriflega á fjölbreyttu formi, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi, beitt orðaforða og málsniði við hæfi og vandað frágang. Upplýsingaöflun og miðlanotkun: Nýtt ólíka miðla og forrit, þ.m.t. þýðingarforrit og gervigreind, á siðferðislega ábyrgan hátt til að afla, greina og miðla upplýsingum og skoðunum, og getið heimilda eins og við á hverju sinni. Skapandi miðlun: Mótað og miðlað hugmyndum sínum og verkefnum á frumlegan og skapandi hátt. Framsögn: Kynnt fyrir öðrum verkefni sín og skoðanir á markvissan, áhrifaríkan og viðeigandi hátt. Framkoma: Sýnt sjálfsaga, ábyrgð og virðingu í daglegum samskiptum, hegðun og umgengni.

Kennsluhættir

Verkefnavinnan á sér stað í lotum. Notast er við Google Classroom til að halda utan um verkefnalýsingar og verkefnaskil nemenda. Rafrænar verkefnaöppur og kynningar eru yfirleitt unnar í google slides og ritunarverkefni í google docs. Kennari hefur á þennan hátt aðgang að verkefnum nemenda á meðan þau eru unnin og getur athugað virkni í tímum og heimavinnu á milli kennslustunda. Dregið er í sæti mánaðarlega og lagt upp úr því að nemendur séu virkir bæði í umræðum bekkjarins og í umræðum með námsfélögum sínum. Í samfélagsfræði eru lögð fyrir ýmiskonar próf, einstaklings- og hópaverkefni. Áhersla er á að nemendur tileinki sér ný hugtök tengt námsefninu hverju sinni, þjálfist í gerð hefðbundinnar verkefnavinnu, ritunarverkefna og kynninga, sem og taki þátt í hlutverkaleikjum og skapandi skilum á verkefnum.

Helstu verkefni skólaársins

Loturnar í 8. bekk eru Landafræði – Hugtök og kort, Heimsálfukynning, Auðlindir og sjálfbærni – Minecraft ritun og þátttaka, Sjálfsmyndin og heilinn, og Trúarbrögð og lífsskoðanir.

Námsgögn

Hlaðinn ipad, Google Classroom, Um víða veröld – Heimsálfurnar, Sjálfsmyndin og heilinn – efni frá kennara, Google Earth, Globalis.is.

UPPLÝSINGA- OG TÆKNIMENNT

Menntagildi: Á elsta stigi er upplýsingamennt mikilvægur þáttur í að búa nemendur undir áframhaldandi nám, störf og þátttöku í stafrænu samfélagi. Þau læra að vinna á gagnrýnn og siðferðilegan hátt með fjölbreyttar upplýsingar og miðla þeim með margvíslegum hætti. Þau öðlast innsýn í áhrif tækni á samfélag, samskipti, lýðræði og persónuvernd. Með skapandi notkun tækni og forritunar leita þau lausna á raunverulegum verkefnum, styrkja sjálfstæði sitt og efla stafræna borgaravitund. Þau læra að nýta stafræna möguleika á ábyrgan hátt og verða meðvituð um áhrif eigin netnotkunar og stafræns fótspors.

Kennari: Marteinn Einarsson

Þáttur:	Hæfniviðmið í upplýsinga- og tæknimennt:
Upplýsinga- og miðlalæsi	Nýting skólasafns: Nýtt skólasafn á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar til gagns og ánægju. Upplýsingaleit: Nýtt leitarvélar, gagnabanka, gervigreind og önnur verkfæri á fjölbreyttan og siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar og skilji hvað liggur til grundvallar. Greining og úrvinnsla: Greint, borið saman og metið á gagnrýnn hátt trúverðugleika og áreiðanleika gagna, upplýsinga og stafræns efnis. Heimildanotkun: Unnið með fjölbreyttar heimildir og metið áreiðanleika þeirra, virt höfundarétt og almennt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum.
Sköpun og miðlun	Kynningarefni: Valið og nýtt hugbúnað við gerð og framsetningu fjölbreyttra og gagn-virkra kynninga. Ritvinnsla: Valið og nýtt hugbúnað við uppsetningu fjölbreyttra ritunarverkefna og ritgerða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang. Handritagerð: Skrifað handrit að leikverki þar sem grunnreglum er beitt við uppsetningu handrits fyrir myndmiðla. Vinnsla tölulegra gagna: Nýtt töflureikni við gagnasöfnun, grein-ingu og framsetningu á tölulegum gögnum. Ljósmyndir og kvikmyndun: Valið og nýtt tæki og hugbúnað við vandaða ljósmyndun og kvikmyndagerð. Myndvinnsla og myndsköpun: Valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreytta hönnun, myndvinnslu og myndsköpun. Stafræn hönnun: Nýtt hugbúnað við stafræna hönnun á vöru. Stafræn smíði: Umbreytt stafrænni hönnun í fullunnin hlut með aðstoð tölvustýrðra tækja eða smíðavéla. Stafræn hönnun: Nýtt hugbúnað og tölvustýrð tæki við hönnun og vinnslu eigin verka í textílvinnu. Hljóðvinnsla: Valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreyttar upptökur og hljóðvinnslu.
Stafræn borgara- vitund	Jafnvægi í stafrænni notkun og vellíðan: Nýtt stafræna tækni til að auka vellíðan og bæta heilsu, fundið jafnvægi í notkun sinni og þekkt margvísleg einkenni og afleiðingar ofnotkunar tölvu og snjalltækja og útskýrt áhrif samfélagsmiðla á líf sitt. Friðhelgi og öryggi: Gert sér grein fyrir notkun persónuupplýsinga og metið tilgang hennar á gagnrýnn hátt og beitt leiðum til að verjast söfnun persónu-upplýsinga.

	Stafrænt fótspor og auðkenni: Gert sér grein fyrir stafrænu fótspori og hvernig það mótast af allri nethegðun. Virðing í stafrænu umhverfi: Þekkt helstu hættur í stafrænu umhverfi og varið sjálfan sig, búnað og gögn við ýmsum ógnum á netinu og getur nýtt stafrænt umhverfi á uppbyggilegan hátt. Samskiptareglur, orðræða og virðing í stafrænum samskiptum: Gert grein fyrir helstu siðareglum á netinu og skilið hvernig þær byggja á gagnkvæmri virðingu og beitt leiðum til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti, hatursorðræðu og stafrænum átökum.
Lausnaleit	Stafrænn stuðningur: Valið viðeigandi stafrænan stuðning markvisst við nám. Varðveisla gagna: Flokkað, vistað og varðveitt gögn á öruggan hátt og skilað rafrænum verkefnum til kennara á ólíka vegu. Tölvur og snjalltæki: Nýtt fjölbreyttan og viðeigandi tækjabúnað til menntunar og leyst tæknileg úrlausnarefni. Notkun hugbúnaðar og einföld forritun: Nýtt forritun til sköpunar og til að efla rökhugsun og lausnaleit.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Sjálfstæð vinnubrögð: Fylgt leiðbeiningum og sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum. Samstarf: Unnið vel með öðrum og tekið virkan og jákvæðan þátt í samstarfi. Sköpun: Leyst fjölbreyttar áskoranir á skapandi hátt.

Kennsluhættir

Á unglingastigi er upplýsingamennt kennt í stuttum lotum eins og list- og verkgreinar. Nemendur mæta í litlum hópum og vinna skapandi verkefni tengt stafrænni hönnun í bland við verkefnavinnu tengt forritun og stafrænni borgaravitund. Kennslan er að hluta til samþætt við aðrar greinar, sérstaklega hæfniviðmið sem snúa að ritvinnslu, kynningum og heimildaskráningu.

Helstu verkefni skólaársins

Í 8. bekk gera nemendur tónlistarmyndband, læra á ýmis hönnunarforrit eins og Inkscape og Tinkercad, forrita í Microsoft Make Code Arcade ásamt verkefnavinnu tengdri stafrænni borgaravitund í Minecraft.

Námsgögn

Tækniver skóla og sá búnaður sem þar er að finna.

ÍÞRÓTTIR

Menntagildi: Á elsta stigi fá nemendur tækifæri til að dýpka skilning sinn á heilsu, hreyfingu og vellíðan. Þeir þjálfast sig í að taka ábyrgð á eigin heilsu, setja sér markmið og nýta þekkingu sína og færni í íþróttum og heilsurækt á markvissan hátt. Skólaíþróttir á þessu stigi stuðla að sjálfsþekkingu, sjálfstæði og þrautseigju, sem nýtist í námi og daglegu lífi. Útíkennsla og hreyfing í náttúrulegu umhverfi dýpkar tengsl nemenda við náttúru og samfélag og stuðlar að sjálfbærum lífsstíl.

Kennarar: Bjarki Már Árnason og Einar Guðberg Einarsson

Þáttur:	Hæfniviðmið í íþróttum:
Líkamsvitund, færni og afkastageta	Þol: Gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol í íþróttum. Styrkur: Sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem bæta líkamsstöðu, kraftúthald og styrk bæði í kyrrstöðu og á hreyfingu. Liðleiki: Gert liðleikaæfingar sem reyna á hreyfividd og hreyfigetu. Samhæfing: Sýnt útfærslu flókinna hreyfinga þannig að þær renni vel saman. Taktur: Gert rytmískar æfingar og fylgt takti. Hópíþróttir: Tekið þátt í hópíþróttum. Einstaklingsíþróttir: Tekið þátt í einstaklingsíþróttum og heilsurækt. Stöðluð próf: Nýtt sér stöðluð próf í íþróttum til að meta eigið þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.
Félagslegir þættir	Tilfinningar: Skilið mikilvægi gagnkvæmrar virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann. Ástundun: Skilið mikilvægi góðrar ástundunar, stundvísi, sjálfsaga og sjálfstæðra vinnubragða í tengslum við góðan árangur og sýnt það í verki. Leikreglur: Þekkt mismunandi tegundir leikreglna í hóp- og einstaklingsíþróttum. Háttvísi: Farið eftir leikreglum og sýnt háttvísi í leik. Leikir: Tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi.
Heilsa og heilsuefning	Útivist: Tekið þátt í útivist í mismunandi aðstæðum, viðeigandi fatnað og varast hættur sem fylgt geta.
Öryggi og hreinlæti	Öryggisreglur: Tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum. Hreinlæti: Fundið til eigin ábyrgðar á hreinlæti og heilbrigði við alla íþróttaiðkun.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:

Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Framkoma: Sýnt sjálfsaga, ábyrgð og virðingu í daglegum samskiptum, hegðun og umgengni. Samvinna: Unnið vel með ólíkum einstaklingum og mætt öðrum með umburðarlyndi að leiðarljósi. Leiðsögn: Tekið og veitt öðrum leiðsögn, endurgjöf og gagnrýni á uppbyggilegan hátt.
-------------------------------------	--

Kennsluhættir

Það er nýtt þema í hverri viku t.d. mismunandi hóp- og einstaklingsíþróttir. Leitast er við að nemendur fái að prófa sem fjölbreyttasta hreyfingu, bæði leiki og ýmsar íþróttagreinar.

Helstu verkefni skólaársins

Símat er yfir árið en matið byggist bæði á ástundun og virkni í tímum sem og prófum úr þoli, styrk, liðleika og samhæfingu.

Kennslugögn

Nemendur eiga að mæta í viðeigandi íþróttafatnaði og íþróttaskóm ef þau vilja.

SKÓLASUND

Menntagildi: Á unglingastigi verður sund að markvissri þjálfun þar sem nemendur efla sundtækni, þol, sprettgetu og færni í björgun og öryggisatriðum. Þeir vinna með eigin markmið í sundi og öðlast dýpri skilning á áhrifum hreyfingar á heilsu og vellíðan til lengri tíma. Sundiðkun veitir tækifæri til að þroska sjálfsaga, seiglu og sjálfstæði, ásamt því að byggja upp líkamsvitund og skynjun á eigin getu í vatni. Kennslan stuðlar að því að nemendur verði meðvitaðir um mikilvægi hreyfingar og geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigin lífsstíl og heilsu.

Kennari: S. Bergþór Magnússon og Einar Einarsson

Þáttur:	Hæfniviðmið í skólasundi:
Sund	Þolsund: Synt 400 metra þolsund á tíma. Bringusund á tíma: Synt 50 metra bringusund á tíma. Skriðsund á tíma: Synt 50 metra skriðsund á tíma. Baksund - stílsund: Synt 50 metra baksund, stílsund. Skriðsund - stílsund: Synt 75 metra skriðsund, stílsund. Kafsund: Synt 8 metra kafsund að hlut á botni laugar og synt með hann til baka. Björgunarsund: Synt 25 metra björgunarsund með jafningja. Marvaði: Troðið marvaða í 1 mínútu. Þol í vatni: Gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol í sundi.
Félagslegir þættir	Ástundun: Skilið mikilvægi góðrar ástundunar, stundvísi, sjálfsaga og sjálfstæðra vinnubragða í tengslum við góðan árangur og sýnt það í verki.
Heila og heilsuefling	Stöðluð próf og markmiðasetning: Tekið þátt í stöðluðum prófum og sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í sundi.
Öryggi og hreinlæti	Hreinlæti: Fundið til eigin ábyrgðar á hreinlæti og heilbrigði við alla íþróttaiðkun.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:

Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Framkoma: Sýnt sjálfsaga, ábyrgð og virðingu í daglegum samskiptum, hegðun og umgengni. Leiðsögn: Tekið og veitt öðrum leiðsögn, endurgjöf og gagnrýni á uppbyggilegan hátt.
-------------------------------------	---

Kennsluhættir

Verkleg kennsla.

Helstu verkefni skólaársins

Símat og próf.

Kennslugögn:

Sundbolir og aðþrengdar sundskýlur, sundgleraugu eru í boði.

LISTGREINAR - SJÓNLISTIR

Menntagildi: Á elsta stigi læra nemendur að beita sjónlistum til að skoða samfélagið og sjálfa sig. Þeir vinna markvisst að hugmyndavinnu, þróun og framsetningu í eigin verkum og þjálfast í að greina myndmál, stíl og merkingu. Þeir kynnast fjölbreyttum miðlum og hlutverki listar í samtímanum, þróa skapandi og gagnrýna hugsun og efla sjálfsþekkingu og tjáningu í gegnum sjónræna sköpun.

Kennari: Thelma Björk Jóhannesdóttir

Þáttur:	Hæfniviðmið í sjónlistum:
Sköpun	Aðferðir og efni: Valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla og tækni. Vinnuferli: Sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal.
Greining og úrvinnsla	Umfjöllun og endurgjöf: Gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu. Greining og samhengi: Greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat, bæði í samfélaginu og á heimsvísu.
Menning og umhverfi	Aðferðir og nálgun: Greint hvernig samtímalist fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjöl-breyttum nálgunum sem oft fela í sér samþættingu listgreina. Tilgangur og samhengi: Gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í fjölbreytt samhengi.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Lært af mistökum: Lært af mistökum og séð í þeim nýja möguleika til framfara.

Kennsluhættir

Fjölbreyttir kennsluhættir með sýnikennslu sem stuðla að því að efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda. Stuttir fyrirlestrar um listasögu og grunn lögmál lista.

Helstu verkefni skólaársins

Litafræði, formfræði og fagurfræðileg skoðun á myndlist, skoðum m.a. verk eftir Sigurð Guðmundsson og Ragnheiði Jónsdóttur. kynnum okkur Henri Matisse og Okuda San Miguel og gerum verk í þeirra anda. Skoðum líka verk eftir Lóu Hjalmtýsdóttur, Banksy og Hugleik Dagsson og æfum okkur á teiknimynda-söguforminu.

Námsgögn

Helstu verkfæri myndlista, blý, trélitir, tússlitir, þekjultir, vatnslitir, lím, akrílmálning og tímarit. Sjónarafl – þjálfun í myndlæsi.

VERKGREINAR - HEIMILISFRÆÐI	
Menntagildi: Á elsta stigi vinna nemendur markvisst með sjálfbæra neyslu, heilbrigða lífshætti með verklegri þjálfun, fjármál, skipulag og ábyrgð. Þeir læra að taka upplýstar ákvarðanir sem varða eigið heimilishald og þátttöku í samfélagi. Þeir þjálfast í að huga að áhrifum mataræðis, neyslu og heimilisstarfa á heilsu, umhverfi og velferð annarra, og læra að vera meðvitaðir, ábyrgir og virkir þátttakendur í daglegu lífi. Kennari: Íris Dögg Steinarsdóttir	
Þáttur:	Hæfniviðmið í heimilisfræði:
Verklag	Matreiðsla: Skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir samkvæmt ráðleggingum um mataræði frá embætti landlæknis. Vinnubrögð: Beitt helstu matreiðslu-aðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld og borið ábyrgð á viðeigandi frágangi. Vinnuvernd: Greint frá viðbrögðum við slysum við eldhússtörf.
Lífshættir	Lífshættir: Tamið sér heilbrigða lífshætti eins og næringu, hreyfingu og svefn og tengsl þeirra við heilsufar. Næring: Skilið og farið eftir aðalatriðum ráðlegginga um mataræði frá embætti landlæknis. Hreinlæti: Tileinkað sér og skilið mikilvægi hreinlætis og þrifa tengdu matreiðslu og eldhúsi
Menning og umhverfi	Umhverfi: Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í samhengi við jafnrétti og sjálfbærni og tjáð sig um mismunandi uppruna matvæla. Neytendur: Skilið og rætt mismunandi umbúðamerkingar, metið gæði matvæla og þekkt helstu geymsluaðferðir. Kolefnisspor: Flokkað matvæli eftir kolefnisspori og tekið ábyrga afstöðu til eigin neyslu.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Sjálfstæði: Sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum. Samstarf: Unnið vel með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi. Framkoma: Sýnt sjálfsaga, ábyrgð og virðingu í daglegum samskiptum, hegðun og umgengni.

Kennsluhættir

Nemendur vinna tveir og tveir saman, kennari velur í hóp. Lagt er áherslu á fjölbreyttan og hollan mat í matseld, einnig vinnum við með þrif og góða umgengni.

Helstu verkefni skólaársins

Nemendur vinna eftir uppskriftum sem settar eru fyrir í hverjum tíma, við vinnum með holl og góð matvæli, en einnig bökum við kökur og vinnum með gerdeig.

Námsgögn

Ljósrit

VERKGREINAR – HÖNNUN OG SMÍÐI

Menntagildi: Á elsta stigi læra nemendur að fanga eigin hugmyndir í hönnun og útfærslu, vinna markvisst að verkefnum og þróa tæknilega og fagurfræðilega færni. Þeir beita gagnrýnni hugsun við lausnaleyti, læra að meta efnisnotkun og áhrif hönnunar á umhverfi og samfélag. Námið tengir saman hugmyndavinnu, sjálfbærni og tækni, og undirbýr nemendur undir skapandi og lausnamiðað vinnulag í framtíðarsamfélagi.

Kennari: Jana María Sól Guðmundsdóttir

Þáttur:	Hæfniviðmið í Hönnun og smíði:
Verklag	Verkfæri: Þekkt helstu verkfæri og mæli-tæki sem notuð eru í formun smíðaeigna og útskýrt rétta notkun þeirra og virkni. Efnisval: Þekkt flest smíðaeigni sem notuð eru og útskýrt rétta notkun og eiginleika þeirra. Smíðaaðferðir: Þekkt flestar smíðaaðferðir, framkvæmt þær algengustu og útskýrt rétta notkun og eiginleika þeirra. Vinnuvernd: Beitt viðeigandi vinnustellingum, notað réttan hlífðarbúnað, fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar.
Sköpun, hönnun og tækni	Vinnuteikning: Útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu. Vinnuferli: Unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað kostnað. Orka og tækni: Hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu með áherslu á grænar lausnir. Tæknilæsi: Sagt frá hvernig tækni er nýtt í atvinnulífinu, gert grein fyrir iðngreinum og mikilvægi þeirra í samfélaginu. Samfélag: Gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt, samfélag og jörðina. Hugbúnaður (Fært í upplýsingamennt): Nýtt hugbúnað við stafræna hönnun á vörum. Stafræn smíði (Fært í upplýsingamennt): Umbreytt stafrænni hönnun í fullunninn hlut með aðstoð tölvustýrðra tækja eða smíðavéla. Örtölvur (Fært í upplýsingamennt): Nýtt sér örtölvur til að stýra aðgerðum.
Menning og umhverfi	Umhverfisvitund: Greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni og grænar lausnir að leiðarljósi við vinnu sína, svo sem við efnisval. Endurnýting: Gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýta ýmsa hluti í anda hringrásarhagkerfis. Menning: Greint og fjallað um handverk og hönnun í samhengi við sögu, samfélag og listir.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:

Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Markmiðasetning: Sett sér raunhæf og metnaðarfull markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist.
-------------------------------------	---

Kennsluhættir

Fjölbreyttir kennsluhættir með sýnikennslu sem stuðla að því að efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

Helstu verkefni skólaársins

Á skólaárinu vinna nemendur í 8. bekk að skapandi og hagnýtu verkefni þar sem þeir smíða **Verkfæra/snyrti box** úr MDF og furu.

Námsgögn

Öll nauðsynleg námsgögn og efni eru veitt af kennara.

VERKGREINAR - TEXTÍLMENNT

Menntagildi: Á elsta stigi vinna nemendur með fjölbreyttum efni, aðferðir og tækni í textíl. Þeir þróa sjálfstæða hönnun og útfærslu verkefna, með áherslu á gæði, fagurfræði og sjálfbæra nálgun. Þeir þjálfá sköpunargleði, nákvæmni og lausnamiðaða hugsun og öðlast innsýn í hlutverk handverks og hönnunar í menningu, tísku og samfélagi.

Kennari: Erla Dröfn Vilbergsdóttir

Þáttur:	Hæfniviðmið í textílmennt:
Verklag	Áhöld - Útsaumur: Beitt fjölbreyttum aðferðum við útsaum. Áhöld – Þrjón og hekl: Beitt fjölbreyttum aðferðum við þrjón og hekl. Útfærsla: Unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf. Vinnuvernd: Beitt viðeigandi vinnu-stellingum og verið meðvitaður um líkamsstöðu sína, þekki hugmyndir og reglur vinnuverndar.
Sköpun, hönnun og tækni	Hugtök: Lagt mat á eigin vinnubrögð og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök. Miðlar: Notað margvíslega miðla til að afla upplýsinga fyrir hugmyndir að verkefnum sem tengjast textíl, hönnun og útfærslu á þeim.
Menning og umhverfi	Merkingar: Þekkt mun á helstu táknum og merkingum textílefna og nýtt sér í daglegu lífi.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Lært af mistökum: Lært af mistökum og séð í þeim nýja möguleika til framfara. Sjálfstæði: Sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum. Markmiðasetning: Sett sér raunhæf og metnaðarfull markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist.

Kennsluhættir

Á hverju tímabili vinna nemendur tvö til þrjú verkefni. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, að nýta textílefnin vel og læra góða umgengni í textílmennt stofunni.

Helstu verkefni skólaársins

Helstu verkefnin í 8. bekk eru: Útsaumaður þjóðfáni eða vörumerki og heklaður klútur.

Námsgögn

Uppskriftabækur, uppflettirit, snið og fleira efni frá kennara.